



# Bandalag íslenskra listamanna

*Federation of Icelandic artists*

Reykjavík 12. Febrúar 2020

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.**


Bandalag íslenskra listamanna getur vel tekið undir með flutningsmönnum um mikilvægi uppbyggingar aðstöðu til mannlífs og menningar á landsbyggðinni, það hljóti því að teljast skynsamlegt að ljúka því verki sem hafið er.

Byggingar sem þessi hafa fyrst og fremst það mikilvæga hlutverk að vera nærsamfélagi þeirra vettvangur listsköpunar og mannlífs, en auk þess, eins og bent er réttilega á í greinagerð, að stofnanir svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið, sem hafa þá skyldu að færa landsmönnum metnaðarfulla dagskrá, geti sinnt því hlutverki svo sómi sé af.

Það er þó ástæða til að benda á í þessu samhengi að menningarrekstur er flókinn og dýr. Uppbygging metnaðarfullrar aðstöðu og húsnæðis tekur mikið til sín og hefur reynst menningarrekstri og listsköpun erfiður. Ekki aðeins þarf að byggja húsið heldur verður að tryggja rekstrinum fjármagn og marka því skýra sýn. Öll þau hús sem byggð hafa verið af myndarskap undanfarin ár hafa lent í rekstrarvanda og módelið fyrir rekstri þeirra oft gengið nærri hinni eiginlegu listsköpun og því hlutverki sem húsinu var ætlað.

Flutningsmenn vitna í nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018, þar sem talað er um mikilvægi þess að mennta- og menningarmálaráðherra marki stefnu um framtíð áætlana um eflingu menningarlífs og stuðnings við menningarhús eða sali. Tilfni er til að benda á að sú stefna hefur ekki verið mörkuð, né heldur heildarstefna fyrir málaárið 18, en slíkt ber að gera samkvæmt lögum um opinber fjármál. Væri sú stefna til, hvíldu ákvarðanir um uppbyggingu sem þessa og um nýtingu og rekstur húsnæðis af þessu tagi á sterkari grunni. Bandalag íslenskra listamanna lýsir sig fúst til samstarfs um þá vinnu.

Ef ekki er horft fram á veginn í þessu máli, stefnan skýr og färmagn tryggt til rekstrar er hætt á að við séum einungis að feta okkur að næsta stoppi sem verði í fullbúnu húsi og í framhaldi tökum við til umsagnar aðra þingsályktun um fjármögnun og rekstur menningarstofnunar í rekstrarvanda á Suðurlandi.



Erling Jóhannesson  
Forseti Bandalags íslenskra listamanna



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg, 13. febrúar 2020

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 5. febrúar s.l. var lögð fram beiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 24. janúar 2020 þar sem óskað er umsagnar á tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**14. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.**

*Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framkominni þingsályktunartillögu um menningarsal Suðurlands og styður hana heilshugar.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



---

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
101 Reykjavík

Selfossi 14. 02. 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Menningarsal Suðurlands 55. mál.

Við undirrituð sem störfum við Fjölbrautaskóla Suðurlands fögnum tillögunni. Við tökum undir rök flutningsmannanna að á svæði þar sem búa yfir tuttugu þúsund manns og yfir milljón manns heimsækja árlega er menningarsalur löngu tímabær.

Virðingarfyllst

Agnes Ósk Snorradóttir  
Alma Sigurjónsdóttir  
Andrea Inga Sigurðardóttir  
Berlind Bergsveinsdóttir  
Björgvin E. Björgvinsson  
Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir  
Elínborg Arna Árnadóttir  
Elísabet Helga Harðardóttir  
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir  
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir  
Guðmundur Björgvin Gylfason  
Guðríður Egilsdóttir  
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir  
Helgi Kristinsson  
Ida Lön  
Inga Magnúsdóttir  
Ingunn Helgadóttir  
Ingveldur Jónsdóttir  
Jóhann Böðvar Sigþórsson  
Jóhanna Guðjónsdóttir  
Jón Özur Snorrason  
Jórunn Sigríður Birgisdóttir  
Kristjana Hrund Bárðardóttir  
Kristjana Sigríður Skúladóttir  
Lárus Gestsson  
Magnús Tryggvason  
Olga Lís Garðarsdóttir  
Paola Ýr Daziani  
Ragnar Geir Brynjólfsson  
Sólrún Stefánsdóttir  
Sverrir G. Ingibjartsson  
Þuríður Magnúsína Björnsdóttir  
Ægir Pétur Ellertsson



Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 11. febrúar 2020

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) áréttar að á nýliðnu ársþingi samtakanna var ítrekuð nauðsyn þess að fjárlaganefnd Alþingis kæmi Menningarsal Suðurlands á Selfossi á fjárlög. Um leið og stjórn SASS áréttar þetta sjónarmið tekur hún undir ályktun Sveitarfélagsins Árborgar um að mikilvægt sé að menningasalur á Suðurlandi sé fullgerður.

Stjórn SASS hvetur til þess að þingsályktunin verði tekin til afgreiðslu og samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri

30. janúar 2020

## **Meningarsalur Suðurlands á Selfossi**

Sveitarfélagið Árborg hefur nú um langt skeið lýst vilja sínum til þess að glæsilegur en fokheldur menningar- og fyrirlestrarsalur í eigu sveitarfélagsins komist í notkun sem Menningarsalur Suðurlands. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa á liðnu ári átt fundi með fjölda ráðherra, þingmönnum og starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytisins, m.a. Karítas Gunnarsdóttur skrifstofustjóra, um framhald málsins. Í þessum hópi hefur verið mikill og góður hljómgrunnur fyrir því að nú muni ríkið ráðast í að ljúka verkinu með sveitarfélaginu. Von er á minnisblaði frá ráðuneytinu til ríkistjórnar á næstunni þannig að taka megi afstöðu til verkefnisins og nauðsynlegra fjárframlaga.

Menningarhús hafa verið byggð um allt land með aðkomu ríkisins en þó er ekkert slíkt á Suðurlandi, ef frá eru taldir Eldheimar í Vestmannaeyjum. Það er löngu tímabært að Árborg og ríkið taki saman höndum og hefji lokaframkvæmdir við salinn þannig að hann komist í notkun og fái þjónað hlutverki sínu sem menningarhús Suðurlands.

Umræða um menningarsal Suðurlands hefur verið áberandi undanfarin ár en því miður hefur salurinn, sem er uppsteyptur, staðið óhreyfður á fokheldisstigi frá upphafi eða í um 40 ár. Fullbúinn tekur salurinn 280 manns í sæti en sviðið er samkvæmt heimildum eitt stærsta svið landsins sem myndi bjóða upp á mikla möguleika fyrir tónleika, leiksýningar, ráðstefnur og fleiri viðburði.

Á sínum tíma stóð Selfoskaupstaður fyrir byggingu menningarsalar á Selfossi í tengslum við byggingu Hótel Selfoss. Verkið hófst árið 1972 og var húsið loks vígt árið 1986, án þess þó að menningarsalurinn væri nema fokheldur. Öll byggingin, og menningarsalurinn þar með, fór svo í hendur annarra eigenda sem hófu þar hótélrekstur. Eftir ýmsar vendingar keypti Sveitarfélagið Árborg menningarsalinn aftur fyrir nokkrum árum síðan, enn í fokheldu ástandi. Sveitarfélagið hefur því þegar kostað miklu til salarins.

Stofnuð voru hollvinasamtök fyrir þremur árum síðan og hafa samtökin haldið málefnum salarins á lofti við bæjarstjórn Árborgar. Núverandi eigendur Hótel Selfoss hafa lýst yfir áhuga á að taka að sér rekstur salarins, en í því felst mikið hagræði fyrir daglegan rekstur til framtíðar. Hóтелиð myndi að auki leggja til þá aðstöðu sem fyrir er í húsnæðinu líkt og klósett, fatahengi, anddyri og veitingaaðstöðu sem nýtast mun viðburðum í menningarsalnum. Vissulega kallar fullbúinn menningarsalur á nokkra upp færslu anddyris og móttöku, sem ekki þyrfti annars að koma til, og þarf að huga að þeim kostnaði.

Vegna aðstöðuleysis hafa menningarstofnanir ríkisins, á borð við Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, ekki getað sinnt hlutverki sínu á svæðinu og þurft að sneypa hjá Suðurlandi. Aðrir menningarviðburðir og framþróun menningar hefur einnig þurft að gjalda fyrir aðstöðuleysið. Tónlistar- og leiklistararfur á Suðurlandi er vissulega sterkur, en mun betur fá notið sín við tilkomu menningarsalar Suðurlands.


Verkfræðistofan Verkís vann frumkostnaðaráætlun varðandi uppbyggingu menningarsalarins árið 2016 og var hún uppfærð í júlí 2019. Nú er heildarkostnaður við að klára framkvæmdir í menningarsalnum áætlaður **472 milljónir króna**.

Sveitarfélagið Árborg telur raunhæft að um 60% af þeim framkvæmdakostnaði sem eftir komi sem framlag frá ríkinu, eða um **283 milljónir króna**. Þeir fjármunir gætu t.d. fallið til á 1-2 árum þannig að menningarsalurinn yrði fullbúin árið 2020 eða 2021. Sveitarfélagið Árborg leggur á móti 40% af eftirstandandi framkvæmdakostnað, 189 milljónir króna, ásamt salnum eins og hann er í dag en hann er metin á um 7-800 milljónir. Samtals leggur Árborg þannig fram sem nemur nærri **1 milljarði króna**.

Sveitarfélagið Árborg leggur áherslu á að ríkistjórn Íslands komi að uppbyggingu menningarsalarins með fullnægjandi fjárframlagi, á móti framlagi Árborgar, svo hægt sé að klára salinn í síðasta lagi árið 2021. Menningarsalurinn mun nýtast Sunnlendingum og Íslendingum öllum, enda enginn sambærilegur salur með álíka möguleika og jafn vel staðsettur á Suðurlandi.

Á fundum með þingmönnum og ráðherrum höfum við skynjað einlægan áhuga fyrir framgangi þessa verkefnis og því mælir bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar eindregið með því að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands í þingmáli nr. 55.

Með kærri kveðju,



Gísli Halldór Halldórsson,  
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar